

## Erindi vegna reksturs tjaldsvæðis í Hafnarfirði

Í um það bil 30 ár hafa Hraunbúar rekið tjaldsvæði á Víðistaðartúni með góðum árangri og haft metnað fyrir því að tjaldsvæðið sé Hafnarfirði til sóma. Hraunbúar hafa einnig hafst aðstöðu í Krísuvík þar sem haldin hafa verið Vormót Hraunbúa í áratugi og hafa verið hápunktur skátastarfsins ásamt mikilvægri þjálfun skátanna í allt frá viðburðarstjórnun, verkefnastýringu, útilífs- og ævintýra upplifun til hreinnar og tærar skemmtunar.

Árið 2018 var tekin ákvörðun um að kanna möguleika á nýju svæði fyrir Vormót Hraunbúa sem haldið hefur verið í 79 ár. Aðstæður í Krísuvík eru með þeim hætti að engan vegin er hægt að standast nútíma kröfur fyrir mótahald á svæðinu.

Skátarnir hafa í fjölmörg ár stundað útivist og náttúruvitundar kennslu við Hvaleyrarvatn. Það var því ánægjuleg tilbreyting að fá að láni völl módel flugfélagsins Þyts þar sem Hraunbúar héldu einstaklega vel heppnað Vormót um hvítasunnuhelgi í júní 2019 og dreifði dagskráin sér allt í kring um vatnið, farið var í hjóla og gönguferðir um svæðið, gengið í sund og við nutum góðrar aðstoðar og samvinnu við Skátagildi St. Georgsgildis og þeirrar aðstöðu sem er á þeirra vegum í Skátalundi.

Eftir þessa skemmtilegu reynslu höfum við mikinn hug á að kanna möguleika á að finna, í samstarfi við Hafnafjarðarbæ, varanlegt svæði þar sem skátarnir geta byggt upp útivistar- og náttúrusvæði þar sem hægt verður að efla til muna tengsl skátanna við náttúru upplifun, umhverfisvitund og útivist. Við sjáum fyrir okkur að svæðið muni ekki einungis gagnast skátum heldur getum við stóreflt samstarf við skóla og leikskóla við þeirra úti- og náttúrukennslu, útilífsskóla Hraunbúa, hægt verður að bjóða upp á aðstöðu til mótar halds sem gæti eflt verulega ferðaþjónustu í Hafnarfirði. Í þessu samhengi má m.a. benda á World Moot sem haldið var 2017 og hýstu Hraunbúar hluta af því móti með um 500 manns á Víðistaðartúni og ýmis verkefni tengd því móti unnin í góðu samstarfi við Hafnafjarðarbæ og fleiri.

Rekstur tjaldsvæða er á margan hátt rekstrareining með marga óvissuþætti sem geta haft gífurleg áhrif á rekstrarafkomu og rekstrar aðili hefur oft lítil eða jafnvel engin áhrif á eins og til dæmis veðurfar(eða heimsfaraldur). Hægt er að setja saman rekstrarform sem byggir ekki eingöngu á gistingu og sem spornar þannig við árstíðarsveiflu, og getur því boðið uppá fjölbættari þjónustu og afþreyingu.

Þá eru líka ýmsar mismunandi forsendur fyrir rekstri slíkra svæða sem bundnar eru við aðstöðu svæðisins, staðsetningu þess og möguleika á rekstri.

Möguleikar til reksturs á slíku svæði geta byggt á forsendum sem falla að stefnu Hafnafjarðar í ferðamálum og samræmist um leið öðrum stefnum eins og (líðheilsu stefnu, fjölskyldustefnu, umhverfisstefnu eða álíka).

Uppbygging svæðis ætti því leitast við að bjóða upp á afþreyingu sem auka mun fjölbreytileika svæðisins. Ber virðingu fyrir náttúrutengdum þáttum og tekur mið af umhverfi sínu. Sé þar af leiðandi ekki íþyngjandi fyrir umhverfi sitt en til þess fallin að efla náttúruvitund, útivist og almenna lýðheilsu.

Til að gefa dæmi um mögulegan rekstur auk sölu á gistingu er hægt að benda á þætti sem ekki eru endilega dýrir eða hafi mikil umhverfisáhrif en að sama skapi bjóði uppá möguleika á rekstrareiningu sem getur nýst fleirum en bara tjaldsvæða gestum, getur haft jákvæð áhrif á árstíðarsveiflur þar sem hægt er að bjóða uppá breytta starfsemi yfir mismunandi tímabil o.s.frv. Um er að ræða afþreyingu eins og t.d. Bogfimi, leiga á frísbý golf diskum, hjólaleiga eða klifurveggur/turn auk fjölda annara möguleika.

Samfélagslegu áhrifin gætu orðið þó nokkur þar sem rekstur einskorðast ekki við ferðamenn. Aukin fjölbreytni í afþreyingu, aðstaða sem skapast við uppbyggingu á svæðinu eins og útielldhús og náttúru tilraunastofa sem myndi nýtast t.d. skólum, leikskólum, útilífsskólanum og hvers konar félagsstarfi allt árið um kring, svigrúm skapast fyrir náttúrutengda félagsstarfsemi eins og náttúru hlaupahópa og fjölbreyttar gönguleiðir.

Einnig er hægt að horfa til þess að aukin ásókn í svæðið hafi góð samlegðaráhrif á aðra þjónustu í bænum eins og verslun, veitingar, sundstaði og söfn.

Allt er þetta afþreying sem í sjálfu sér þarf ekki mjög mikla yfirbyggingu en getur á hin bóginn verið atvinnuskapandi þar sem þessi atriði kalla á starfsfólk. Í því fellst möguleiki á að víkka þjónustusviðið með því t.d. að bjóða upp á námskeið, halda úti þjálfun, bjóða klúbbum og fyrirtækjum þátttöku, hópefli er vaxandi þjónustugrein og svo mætti lengi halda áfram.

Á meðfylgjandi myndum er hægt að sjá dæmi um þá afþreyingu sem kæmi til greina á svona svæði. Þetta eru að sjálfsögðu einungis dæmi um hvað hægt er að gera en ekki endilega það sem ætti að gera.

Um leið og við leggjum erindi okkar fyrir umhverfis og skipulagssvið Hafnafjarðar óskum við eftir umsögn frá menningar- og ferðamálanefnd og íþróttar- og tómstundaráði.

Fyrir hönd Ferðbúans og Hraunbúa,  
Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir  
Bjarni Freyr Þórðarson

